

Greinabundin kennsla - greinabundið nám
í Hvassaleitisskóla
Mat á skólastarfi

Birna María Svanbjörnsdóttir
Jenný Gunnbjörnsdóttir
Trausti Þorsteinsson



Febrúar 2007

Efnisyfirlit

Meginniðurstöður.....	2
1 Inngangur	3
2 Einstaklingsmiðað nám.....	4
3 Hvassaleitisskóli	7
4 Gögn og aðferðir	9
4.1 Fyrirliggjandi gögn	9
4.2 Rýnihópar.....	10
4.3 Vettvangsathugun	11
5 Niðurstöður	12
5.1 Rituð gögn.....	12
5.2 Kennarar.....	13
5.3 Nemendur.....	18
5.4 Foreldrar.....	20
5.5 Vettvangsathugun	23
5.6 Samantekt.....	26
6 Umræður	28
7 Heimildaskrá	35
8 Fylgiskjöl	36

Meginniðurstöður

- Viðmótið í skólanum er gott og nemendum virðist líða vel.
- Kennarar, nemendur og foreldrar telja mikinn kost að námslotur eru lengri nú en áður. Sú breyting virðist hafa skilað fjölbreyttari kennsluháttum hjá eldri nemendum.
- Samkvæmt niðurstöðum úr rýnihópum og vettvangskonnum hefur greinabundin kennsla eins og hún er skipulögð bæði kosti og galla.
- Foreldrar og nemendur eru ánægðir með að farið var í greinabundna kennslu en skiptari skoðanir voru meðal kennara.
- Kennarar hafa meiri möguleika til sérhæfingar og geta dýpkað kunnáttu sína í kennslugrein sinni. Stofur eru útbúnar með þarfir greinarinnar í huga en athygli vekur að þær eru lokaðar og gangar vannýttir.
- Greinabundin kennsla ætti að geta auðveldað kennurum að hafa yfirlit yfir stöðu nemenda og aðstoða þá við að fara á eigin hraða í námsefni. Lítil reynsla er komin á þetta ennþá en tækifæri virðast þó ekki nýtt sem skyldi.
- Í greinabundinni kennslu hefur samband og samskipti nemenda og umsjónar-kennara minnkað í daglegu starfi. Mikil ánægja virðist vera með nemendaviðtöl sem tekin hafa verið upp en bæta þarf foreldrasamstarf og samskipti heimila og skóla.
- Kennarar finna til einangrunar í starfi í greinabundinni kennslu eins og starfið er skipulagt nú. Auka þarf samvinnu kennara og koma á teymisvinnu í kennslunni.
- Aukning hefur orðið á notkun upplýsingatækni að mati kennara.
- Svigrúm til samþættingar námsgreina hefur minnkað hjá yngri nemendum.
- Hjá yngri nemendum er ábyrgð á heimanámi í höndum foreldra og nefna þeir að ónógar upplýsingar séu varðandi framkvæmd þess af hendi skólans og óska eftir meiri samvinnu við kennara varðandi heimavinnu barna sinna.
- Fram kom að námið í skólanum er mikið miðað við námsbækur og foreldrar vilja sjá meiri áherslu á list- og verkgreinar í skólastarfinu. Þeir töldu námsmat aðallega vera í formi prófa og vildu sjá samræmi milli námsmats og kennsluhátta.
- Nauðsynlegt er að kennarar í Hvassaleitisskóla ræði opinskátt viðhorf sitt og skilning á einstaklingsmiðuðu námi og móti sameiginlegan skilning og sýn um útfærslu þess í skólastarfinu.

1 Inngangur

Haustið 2006 ákvað Hvassaleitisskóli að taka upp greinabundna kennslu og greinabundið nám í skólanum með það að markmiði að koma á einstaklingsmiðuðu námi og auka gæði skólastarfs í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar. Greinabundin kennsla og greinabundið nám felur í sér að lögð er sérstök áhersla á námsgreinar og fagþekkingu kennara. Horfið hefur verið frá því fyrirkomulagi að umsjónarkennari sjái að mestu um kennslu í sínum umsjónarbekk og tekin upp sú leið að kennarar sérhæfa sig í einni námsgrein og kenna hana í mörgum bekkjum auk þess að kenna lífsleikni í sínum umsjónarbekk.

Stjórnendur skólans fóru þess á leit við skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri að annast úttekt á skólastarfinu eftir þriggja mánaða reynslutíma. Markmið úttektarinnar er að meta árangur af breytingunni og hvort hún stuðlar að einstaklingsmiðun í námi. Úttektin nær til kennara, nemenda og foreldra sem tóku þátt í rýnihópum en einnig var gerð vettvangsathugun í skólanum og stuðst við fyrirliggjandi gögn. Gert er ráð fyrir að síðar verði gerð önnur úttekt sambærileg og niðurstöður bornar saman.

Úttektina og skýrslugerð önnuðust fyrir hönd skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri Birna Svanbjörnsdóttir, Jenný Gunnbjörnsdóttir og Trausti Þorsteinsson. Í skýrslunni er gerð stuttlega grein fyrir helstu einkennum einstaklingsmiðaðs náms og fyrir áherslum Hvassaleitisskóla varðandi greinabundna kennslu. Dregin eru fram atriði úr sjálfsmatsskýrslu skólans og áherslur Menntasviðs Reykjavíkurborgar varðandi einstaklingsmiðun í námi. Gerð er grein fyrir gögnum og aðferðum sem úttektin byggir á og hvernig viðtöl og vettvangsathugun fór fram. Í niðurstöðukafla er greint frá niðurstöðum úr viðtölum og vettvangsathugunum. Í umræðukafla er matsspurningum svarað. Þar eru helstu niðurstöður túlkaðar og metnar og gefnar ábendingar og hugmyndir um endurbætur.

2 Einstaklingsmiðað nám

Fjöldmörg hugtök og orðasambönd hafa í gegnum tíðina verið notuð yfir kennsluhætti sem miða að því að mæta mismunandi þörfum nemenda. Má í því sambandi nefna hugtök eins og „nám án aðgreiningar“, „námsaðlögun“ og „fjölþrepakennsla“. Um þessar mundir virðist hugtakið „einstaklingsmiðað nám“ vera hvað mest ríkjandi í skólaumræðunni en það er þýðing á enska hugtakinu „*differentiation*“.¹

Skilgreina má einstaklingsmiðað nám sem viðleitni kennara til að laga kennslu, nám, námsaðferðir og námsumhverfi að mismunandi getu, áhuga og þörfum hvers einstaklings í námshópi, samhliða því sem leitast er við að styrkja nemendahópin sem heild. Ekki er um að ræða eina aðferð heldur hugsunarhátt sem kemur fram á mismunandi hátt og styðst við margvíslegar lausnir. Keppt er að því að auka sjálfsvitund nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi. Í megindráttum fást nemendur í bekk eða námshóp við sömu efnisþætti en með mismunandi áherslum og misdjúpt.²

Kennsluhættir sem kenndir eru við einstaklingsmiðað nám geta hvílt á gjörólíkri hugmyndafræði, s.s. atferlisfræði og mannúðarsálfræði, en algengast er þó að rökin séu sótt til hugsmíðahyggjunnar. Einnig er stuðst við fjölgreindarkenningar Gardners og greindarkenningar Sternbergs og gengið út frá því að auka megi greind barna með því að sjá þeim fyrir auðugri námsreynslu.³

Það eru fimm grunnþættir í skólastarfi sem kennari getur haft áhrif á í einstaklingsmiðuðu námi til að auka líkurnar á að nemendur læri á sem árangursríkastan hátt, þ.e. inntak (*content*), aðferð (*process*), afrakstur (*product*), tenging eða viðhorf (*affect*) og námsumhverfi (*learning environment*). Inntakið er það sem er kennt og hvernig nemendum er gefinn aðgangur að upplýsingum og hugmyndum. Aðferðin lýsir aðgerðum sem nemandi notar til að tileinka sér og eigna sér vitneskju, skilning og færni í viðfangsefni. Afraksturinn er eitthvað áþreifanlegt sem sýnir hvað nemandi hefur lært. Tengingin eða viðhorfið er hvernig námið tengist fyrri reynslu og þekkingu nemanda þannig að námið verði honum merkingarbært.

¹ Rúnar Sigþórsson 2003 og Ingvar Sigurgeirsson 2005.

² Allport 1997 og Damberg 1994 (hér tekið eftir Rúnari Sigþórssyni 2003); Tomlinson 2004.

³ Ingvar Sigurgeirsson 2005; Rúnar Sigþórsson 2003; Tomlinson 1999.

Námsumhverfið er hvernig og hvaða tilfinningar kennslustofan kallar fram og hvaða hlutverki hún gegnir.⁴

Að auki geta kennarar skoðað þrjá þætti hjá nemendum sem auðveldar þeim að bregðast við mismunandi þörfum nemenda. Það eru þættirnir námshæfi (*readiness*) sem gefur til kynna hvað nemandi veit, skilur og getur gert í dag, áhugi (*intrest*), þ.e. hvað nemanda finnst skemmtilegt að læra, hugsa um og gera og að lokum námsnið (*learning profile*) sem felst í því hvaða aðferðir henta nemanda best til að læra. Atriði eins og kynferði, menning og mismunandi svið greindar geta haft áhrif þar á.⁵

Námsmat í einstaklingsmiðaðri kennslu er stöðugt, fjölþætt og greinandi. Markmið þess er að veita kennurum, nemendum og foreldrum upplýsingar frá degi til dags um námsvitund, hugmyndir, færni, áhugamál og framgang nemenda. Ekki er litið á matið sem eitthvað sem kemur í lok annar eða lotu til að sjá hvað nemandi lærði heldur er það samofið kennslunni og notað til að skilja nemanda svo auðveldara sé að koma til móts við hann með kennslu morgundagsins. Matið er hugsað sem tæki til að hjálpa nemanda að þroskast en ekki að skrá mistök hans. Matið getur farið fram á mismunandi hátt, t.d. með litlum umræðuhópum nemenda og kennara, umræðum alls bekkjarins, skýrslumati, ferilmöppu, heimavinnumati, prófum, athugunum og sjálfsmati. Ætlast er til að allir geri sitt besta í einstaklingsmiðuðu námi og litið er bæði á hópastarf og einstaklingsstarf þegar um er að ræða námsmat, kennslu og endurgjöf.⁶

Menntasvið Reykjavíkurborgar hefur útbúið matstæki þar sem fram koma áhersluþættir borgarinnar varðandi einstaklingsmiðað nám. Þetta matstæki auðveldar skólum og kennurum að meta stöðu sína varðandi einstaklingsmiðað nám og nota úttektaraðilar það til viðmiðunar í þessari úttekt.⁷ Í matstækinu er matsþáttum skipt upp í sex stoðir, þ.e. 1) skipulagsstoð, 2) námsumhverfisstoð, 3) viðhorfastoð, 4) kennarastoð, 5) nemendastoð og 6) foreldrastoð. Hverri stoð er skipt í fimm stig þar sem 1. stigið er fjærst skilgreiningu Menntasviðs Reykjavíkurborgar um einstaklingsmiðað nám og 5. stig er næst skilgreiningunni. Ef litið er á fimmta stig allra stoða er stefnt að eftirfarandi: 1) Samvinnu þvert á árganga, að nám sé almennt skipulagt þvert á greinar í nokkrar vinnulotur og að kennarar vinni í teyllum og beri sameiginlega ábyrgð á hópi nemenda þvert á árganga. 2) Námsumhverfið endurspegli

⁴ Tomlinson, 2003.

⁵ Tomlinson. 2003.

⁶ Tomlinson. 1999.

⁷ Matstæki um einstaklingsmiðað nám. 2005.

vinnu nemenda, nái út fyrir skólastofurnar þannig að öll rými nýtist, að flæði sé á milli rýma og að 3–5 nemendur séu um hverja tölvu að jafnaði. 3) Keppt er að því að viðhorf til skólastarfsins sé með þeim hætti að nám nemenda sé ætíð í brennidepli, viðurkennt sé að einstaklingar séu ólíkir, þeir læri á mismunandi hátt og mismunandi þætti og sjálfsagt talið að skólastjóri sé faglegur stjórnandi skólans. 4) Lögð er áhersla á að tekin sé reglulega viðtöl við nemendur um nám þeirra og líðan til að efla sjálfsvitund þeirra, að nám sé miðað að þörfum nemenda og að þeir ásamt kennurum og foreldrum séu ábyrgir fyrir því með markmiðssetningu og áætlanagerð. Mikilvægt er að námsmat og námsaðferðir séu í samræmi við markmiðin sem sett eru og að foreldrar og nemendur séu þátttakendur í matinu með kennurum. 5) Lögð er áhersla á gagnkvæma upplýsingamiðlun og samvinnu milli heimila og skóla.

3 Hvassaleitisskóli

Hvassaleitisskóli er hverfissskóli í grónu hverfi í Reykjavík. Í skólanum eru 236 nemendur og 24 kennarar starfa við skólann auk skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og 7 annarra starfsmanna.

Lög, reglugerðir og aðalnámskrá grunnskóla annars vegar og stefnumörkun og ákvarðanir borgaryfirvalda hins vegar marka ramma utan um starf grunnskóla í Reykjavík. Skólarnir hafa frjálsar hendur um skipulag og framkvæmd skólastarfs innan þess ramma. Borgaryfirvöld marka stefnu í skólamálum sem sett er fram í starfsáætlun fræðslumála Reykjavíkurborgar. Þar kemur fram hvaða þætti í skólastarfi hafa skal að leiðarljósi og þau markmið sem vinna skal að á næstu árum sett fram í stefnukorti. Tilgreindir eru fimm megináhersluþættir í stefnukorti en þeir eru: einstaklingsmiðað nám, samvinna nemenda, skóli án aðgreiningar, sterk sjálfmynd nemenda og félagsfærni, nán tengsl skóla og grenndarsamfélags og sjálfstæði skóla.⁸

Hvassaleitisskóli valdi að taka upp greinabundna kennslu haustið 2006 sem leið til að koma til móts við fyrrnefnda starfsáætlun. Í starfsáætluninni segir að meginverkefnið í grunnskólum Reykjavíkur á næstu árum sé:

að þróa kennsluhætti enn frekar í átt til einstaklingsmiðaðs náms og aukinnar samvinnu nemenda. Í því verkefni skiptir nýting tölvutækninnar miklu máli. Þróa þarf aðferðir og tæki til að hafa yfirlit yfir framfarir nemenda og stöðu þeirra í náminu. Efling sjálfsmýndar nemenda og félagsfærni mun verða í brennidepli.⁹

Á heimasíðu skólans eru færð eftirfarandi rök fyrir vali á greinabundinni kennslu og námi, en þar stendur:

- *Sérþekking kennara eykur öryggi kennara og nemenda og leiðir til þess að samfella verði í námi og kennslu nemenda.*
- *Leggur áherslu á samfella í náminu frá upphafi grunnskóla til loka framhaldsskóla, forðast óþarfa endurtekningar og gætir þess að hver námsáfangi verði eðlilegt framhald af því sem á undan er komið.*
- *Getur þýtt tilflutning á námsefni milli námsára eða skólastiga, til að tíminn nýtist betur og samhengið verði betra.*

⁸ Menntasvið Reykjavíkurborgar 2005.

⁹ Menntasvið Reykjavíkurborgar 2005.

- *Fellur að þeim kröfum að sérhver nemandi blómstri í skólanum samkvæmt eigin getu.*
- *Fellur vel að hugmyndum um fjölgreind og einstaklingsmiðað nám.*
- *Stuðlar að félagslegum þroska sérhvers nemanda.*
- *Stuðlar að því að bráðgerir nemendur svo og nemendur með frávík fái kennslu við hæfi.*
- *Hvetur til kennslufræðilegrar umræðu í skólasamfélaginu.*¹⁰

Ekki var einhugur meðal kennara í Hvassaleitisskóla að taka upp greinabundna kennslu og nám en þrátt fyrir það ákváðu skólastjórnendur að koma þessum breytingum á og hófst greinabundin kennsla og nám eins og fyrr segir haustið 2006 með þeim fyrirvara að hægt væri að breyta til baka um áramót ef starfið gengi ekki upp og eindregin ósk kennara væri um að snúa til baka. Foreldrar voru almennt hliðhollir þessum breytingum.

Skólastjórnendur óskuðu eftir að gerð yrði úttekt á skólastarfinu í nóvember, eftir þriggja mánaða reynslutíma, og aftur að ári.

¹⁰ www.hvassaleitisskoli.is

4 Gögn og aðferðir

Meginmarkmið úttektarinnar er að meta stöðu og árangur af greinabundinni kennslu og námi í Hvassaleitisskóla. Tekið var mið af áhersluþáttum Hvassaleitisskóla og stefnumörkun Reykjavíkurborgar við mótun matsspurninga. Spurningarnar sem hafðar voru að leiðarljósi við úttektina voru:

*Hver er árangur af áherslum Hvassaleitisskóla um einstaklingsmiðun í skólastarfi?
Er komið til móts við þarfir hvers og eins með greinabundinni kennslu?*

Lögð var áhersla á að skoða eftirfarandi þætti:

- Hvernig einstaklingsmiðað nám lýsir sér í skólanum.
- Hvernig skólastarfið gengur fyrir sig.
- Hvaða vinnubrögð og kennsluhættir eru ríkjandi í skólanum.
- Hvernig samvinnu kennara er háttað.
- Hvernig námsmati er háttað.
- Hvernig samskiptum heimila og skóla er háttað.

Til að fá sem skýrasta mynd af skólastarfinu var rýnt í fyrirbyggjandi gögn frá skólanum en einnig var aflað nýrra upplýsinga með vettvangsathugunum úttektaraðila og rýnihópum kennara, nemenda og foreldra.

4.1 Fyrirliggjandi gögn

Rætt var við skólastjórnendur Hvassaleitisskóla um tildrög verkefnisins og rýnt í gögn frá skólanum.

Eftirfarandi gögn liggja fyrir:

- Heimasíða Hvassaleitisskóla www.hvassaleitisskoli.is
- Könnun á starfsháttum kennara í Hvassaleitisskóla, febrúar og desember 2006.
- Sjálfsmat Hvassaleitisskóla 2004
- Skólabók veturinn 2006–2007

4.2 Rýnihópar

Eigindlegra gagna var aflað með hópviðtölum, svonefndum rýnihópum. Rýnihópar voru fimm talsins, tveir samsettir af fulltrúum kennara, tveir af fulltrúum nemenda og einn af fulltrúum foreldra. Alls sátu 12 kennarar af 24 kennurum skólans í rýnihópum og völdu úttektaraðilar þá af handahófi. Í rýnihópi nemenda sátu annars vegar sex nemendur úr 4.–7. bekk og hins vegar sex nemendur af elsta stigi skólans. Kennarar voru beðnir að velja nemendur sem þeir töldu geta haft sig í frammi og sagt álit sitt og viðhorf. Við val á foreldrum í rýnihóp var stuðst við lista yfir foreldrafulltrúa bekkja skólans og var ætlunin að fá átta foreldra barna úr 3.–10. bekk. Yfirleitt eru tveir til þrjú foreldrafulltrúar fyrir hverja bekkjardeild í skólanum og var sendur tölvupóstur til þess fulltrúa sem efstur var á lista í hverjum bekk og honum í stuttu máli kynnt fyrirhuguð úttekt og boðin þátttaka í rýnihópi, hringt var í þá sem ekki svöruðu tölvupósti. Ef fyrsti maður á lista þáði ekki boð um þátttöku var næsta manni boðið og svo koll af kolli. Erfiðlega gekk að fá foreldra til þátttöku en að lokum fengust þó 7 foreldrar og var það látið duga.

Rýnihópsviðtölin voru hálfstöðluð að því leyti að viðtalsrammi var útbúinn fyrirfram þar sem áhersla var lögð á meginspurningar (sjá fylgiskjöl 1–3). Viðtalsrammarnir voru svolítið mismunandi eftir því við hverja var talað en allir tóku þeir mið af stefnu skólans og Reykjavíkurborgar um einstaklingsmiðun í námi. Allir voru spurðir að því hvernig þeim fyndist skólastarfið ganga fyrir sig í vetur, þeir beðnir að lýsa greinabundinni kennslu og námi í skólanum og segja frá áhrifum hennar á skólastarfið. Einnig voru allir spurðir um kennsluhætti, heimavinnu, samstarf og námsmat og að lokum hvort þeir teldu að gera mætti eitthvað öðruvísi en gert er til meiri árangurs.

Kennarar voru auk þess spurðir hvað einstaklingsmiðað nám væri í þeirra huga og hvort þeir teldu greinabundna kennslu stuðla að einstaklingsmiðuðu námi. Þeir voru einnig spurðir um kennsluhætti, vinnubrögð og markmiðssetningu og hvernig samvinna kennara og fagleg umræða færi fram (sjá fylgiskjal 1).

Nemendur voru m.a. spurðir um samband sitt við umsjónarkennara í þessu nýja kerfi, hvort þeir teldu sig hafa eitthvað um námið að segja og þeir beðnir að lýsa vinnu sinni og líðan í skólanum (sjá fylgiskjal 2).

Í rýnihópsviðtali foreldra var leitað að sameiginlegum skilningi á einstaklingsmiðuðu námi og þeir eins og kennarar spurðir hvort þeir teldu það endurspeglast í

greinabundinni kennslu. Foreldrar voru einnig spurðir út í kennsluaðferðir og námsefni barna sinna og hvort þeim fyndist námskröfum þeirra mætt. Þá var spurt um þátttöku foreldra í skólastarfinu og samstarf heimilis og skóla (sjá fylgiskjal 3).

Viðtölin áttu sér öll stað í Hvassaleitisskóla og stóð hvert viðtal í u.þ.b. 40 mínútur hjá nemendum og í klukkustund hjá hinum. Viðtölin voru öll tekin upp með leyfi viðmælenda. Úttektaraðilar voru tveir í viðtölunum, annar var stjórnandi og hinn athugandi sem skráði jafnóðum það sem honum þótti mikilvægt. Að loknum viðtölum fóru stjórnandi og athugandi saman í gegnum helstu þætti viðtalsins og að lokum var hlustað á viðtalið og það skráð nokkuð nákvæmlega en ekki alveg frá orði til orðs nema vitna ætti í það beint. Upptökum og skráningum verður eytt að úttekt lokinni.

4.3 Vettvangsathugun

Gerð var vettvangsathugun í 12 kennslustundum hjá jafnmörgum kennurum, hvor úttektaraðili fór til sex kennara en skólastjórnendur skipulögðu hvert þeir fóru og hvenær. Jafnframt gekk skólastjóri með þeim um skólann og kynnti þeim hann.

Gerður var viðmiðunarrámmi fyrir vettvangsathugunina (sjá fylgiskjal 4) sem fylltur var út jafnóðum en að athugun lokinni ræddu úttektaraðilar saman um niðurstöður sínar til samræmingar. Skoðaðir voru og metnir þættir eins og námshættir og vinnubrögð, bekkjarandi, kennsluaðferðir, þátttaka nemenda í skólastarfinu, námsaðstoð og sérkennsla.

5 Niðurstöður

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum úr þeirri upplýsingaöflun sem lögð var til grundvallar úttektinni. Í lokin verða dregnar saman helstu niðurstöður.

5.1 Rituð gögn

Í skólanámskrá, skólabók, sjálfsmatsskýrslu, á heimasíðu skólans og könnun á starfsháttum kennara Hvassaleitisskóla kemur fram að greinabundin kennsla eigi að stuðla að einstaklingsmiðuðu námi þar sem nemendur og námsgreinar verði í forgrunni. Kennarar velja að kenna fag sem þeir eru sterkir í og fá tækifæri til að einbeita sér að því fagi og dýpka þekkingu sína í því. Þeir kenna flestir einungis eitt fag auk lífsleiknikennslu í sínum umsjónarþekki og hafa í flestum tilvikum 80 mínútur samfelld í kennslu og eigin stofu til umræða. Lögð skal áhersla á að sérhver nemandi fái tækifæri til náms við hæfi. Til að svo geti orðið á að nota fjölbreytta kennsluhætti og ýta undir frumkvæði, áráðni og hugmyndaflug nemenda. Hvetja á nemendur til að leita sér upplýsinga og miðla til samnemenda sinna.

Leggja skal áherslu á að námsmat sé leiðandi og hvetjandi og hafa það í formi símats og sjálfsmats. Áhersla skal vera á að nemendur læri að setja sér markmið og meti eigin frammistöðu. Einnig skal leggja áherslu á aukið samstarf við foreldra og stefnt að því að þeir verði í auknum mæli ábyrgir í námi barna sinna.

Í fyrirliggjandi gögnum kemur fram að stefna Hvassaleitisskóla virðist samrýmast áherslum Reykjavíkurborgar varðandi einstaklingsmiðað nám. Þó má sjá áherslumun þegar kemur að samþættingu námsgreina en Menntasvið Reykjavíkur leggur áherslu á að nám sé almennt skipulagt í þemu, þvert á greinar en ekki unnið með hverja námsgrein óháð annarri eða öðrum. Hvassaleitisskóli hefur þemadaga þar sem allt skólastarf er brotið upp fjórum sinnum á vetri, viku í senn, til að koma til móts við þessar áherslur um samþættingu námsgreina.

Áhersla er á að nýta sérstaka færni kennara í ákveðnum námsgreinum með það að markmiði að einstaklingsmiðað nám nemenda verði markvissara. Kennarar meta hvar þeir eru faglega sterkir og hvaða námsgrein þeir telja sig færasta um að kenna. Fram kemur í gögnum frá skólanum að kennarar skólans hafa á undanförunum árum

leitað leiða til að gera námið einstaklingsmiðaðra en áður og kynnt sér fjölbreytta kennsluhætti, samkennslu árganga, samvinnu nemenda og áætlanagerð. Stefnt er að því að námsmat verði leiðandi og hvetjandi og að metin verði þekking nemenda, færni, skilningur og samskipti við aðra nemendur og kennara í formi símats og sjálfsmats.

Í sjálfsmatsskýrslu skólans frá 2004 (ekki liggur fyrir nýrri skýrsla) kemur fram að ánægja sé með stjórnun skólans af hendi starfsmanna og foreldra, starfsandi sé góður og nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum. Nemendum skólans hefur gengið vel í samræmdum prófum og námsmatsleiðir skólans eru í góðu lagi sem og agi og vinnusemi samkvæmt skýrslunni. Eins er nýsköpun og þróun í skólastarfi talin vera með ágætum. Það sem þarf hins vegar að efla samkvæmt sjálfsmatsskýrslu er upplýsingaflæði og samstarf við foreldra, heimavinnu í elstu deildum, námstækni og sjálfstýringu nemenda í námi og koma á fjölbreyttari kennsluaðferðum. Einnig var talin þörf á að huga að líðan nemenda en 25% nemenda skólans sögðust hafa lent í einelti.

Í könnun á starfi kennara Hvassaleitisskóla frá því í febrúar 2006 og aftur í desember 2006 eftir að greinabundin kennsla hófst eru niðurstöður áþekkar en þar kemur fram að kennarar eru yfirleitt mjög eða meðal ánægðir með störf sín í skólanum. Allir kennarar eru mjög eða meðal ánægðir með eigin kennslu og 74% telja kennsluhætti sína tiltölulega fjölbreytta og aðrir telja þá mjög fjölbreytta. Rúmlega helmingur eða 55% kennara eru mjög ánægðir með samstarf sitt við aðra kennara skólans en 45% segja það nokkuð gott. Mikill meirihluti kennara telur sig ná mjög vel til nemenda eða 78% og aðrir nokkuð vel. Það sem helst virtist vera ábótavant að mati kennara var tenging á milli stiga í skólanum en 37% svarenda töldu tenginguna litla og 53% að hún væri miðlungs.

5.2 Kennarar

Til að átta sig á hver skilningur þátttakenda væri á einstaklingsmiðuðu námi var í upphafi rýnihópsviðtala rætt um hvað fælist í hugtakinu. Þátttakendur beggja hópanna voru í stórum dráttum sammála um að einstaklingsmiðað nám væri að koma til móts við þarfir einstaklingsins eins og mögulegt er og beita fjölbreyttum kennsluaðferðum, þ.e. að nemendur fái nám við sitt hæfi. Vangaveltur voru meðal kennara um hvort

einstaklingsmiðað nám væri það að nota einstaklingsmiðaðar aðferðir við að kenna nemendum eða að kenna þeim mismunandi námsþætti.

Kennarar veltu fyrir sér hvort greinabundin kennsla í Hvassaleitisskóla skilaði meiri árangri en áður og hvort hún væri einstaklingsmiðuð. Mismunandi sjónarmið komu fram, sumir álitu greinabundna kennslu gefa meira svigrúm til fjölbreyttari kennsluhátta þar sem nú er kennt í 80 mínútna lotum í stað 40 mínútna lotum áður og telja þeir flesta kennara nota mismunandi kennsluaðferðir á þessum tíma. Einnig hefur notkun upplýsingatækni við kennslu aukist með þessu nýja fyrirkomulagi. Lítil breyting virðist hafa orðið hjá nemendum á unglingsstigi en þeim mun meiri hjá yngri nemendum. Kennarar á unglingsstigi töldu flestir nýja kerfið til hægðarauka fyrir þá sjálfa þar sem þeir hafa sína stofu og sína grein sem þeir geta dýpkað sig í. Meiri breyting hefur orðið á starfi kennara yngri barna og töldu sumir þeirra námið nú jafnvel að mörgu leyti minna einstaklingsmiðað en áður, bæði vegna mikils fjölda nemenda sem þeir kenna nú og vegna færri tækifæra til að samþætta námsgreinar, en námsefni á yngri stigum gerir gjarnan ráð fyrir samþættingu námsgreina. Kennurum finnst erfitt að beita samvinnu og samþættandi kennsluaðferðum, s.s. söguaðferð og hringekju í þessu kerfi en þær aðferðir hafa gefist vel við einstaklingsmiðun í námi. Einnig voru ræddir ýmsir erfiðleikar við að fara í vettvangsferðir, undirbúa skemmtanir og kynnast nemendum.

Varðandi bekkjarstjórnun og bekkjarbrag kom fram að fleiri tækifæri hefðu verið til að ræða við nemendur um siðferði og uppeldi fyrir breytingu en nú. Kennurum finnst þeir almennt vera í minni tengslum við nemendur, einungis einn tími er í lífsleikni á viku með umsjónarbekk. Hann fer að mestu í að ræða það sem upp kemur hverju sinni og gefst því lítil tími til lífsleiknikennslu. Fleiri kennarar koma nú að hverjum nemanda og töldu kennarar það hafa bæði kosti og galla. Þeir telja að það séu meiri möguleikar á að nemendur geti komið sér undan því að læra og að fara eftir reglum þar sem þeir eru bara stutta stund hjá hverjum kennara en á hinn bóginn getur það verið styrkur að fleiri kennarar sjái hvern nemanda og geta þá í sameiningu tekið á málunum en það kallar á samræmingu aðgerða.

Kennarar virtust flestir vera með það fyrirkomulag í kennslu sinni að styðjast við námsbók og töflu í fyrri hluta kennslustunda en nýta annað fyrirkomulag, s.s. ýmis konar verkefna- og hópavinnu í seinni hluta lotunnar. Einn kennari sagðist kenna minna frá töflu nú en áður en meiri tími færi í að sinna litlum hópum eða

einstaklingum, annar tók undir þetta og sagðist nota mikið af verkefnum og nýta sér tæknina.

Í langflestum tilfellum virðist val námsefnis, markmiðssetning og áætlanagerð vera í höndum kennara. Nemendur eru almennt ekki þátttakendur í að setja sér markmið og gera áætlun um vinnu sína. Tveir kennarar sögðust láta nemendur setja sér áætlanir út frá gefnum markmiðum. Allir nemendur hafa ákveðinn kjarna en geta valið hraða og viðbót. Að sögn kennara aðstoða foreldrar börn sín við að áætla heimavinnu (ákveðnar bækur) á yngra stigi og er það alfarið á ábyrgð þeirra. Ef foreldrar kjósa að gera þetta ekki er það þeirra val. Heimavinnan sem um ræðir er viðbót við skólanámið, nemendur fá meiri æfingu en eiga í raun ekki að missa úr námi þó þeir geri ekki þessa heimavinnu. Heimanám á öðrum skólastigum er yfirleitt fólgið í því að klára það sem ekki klárast í skólanum.

Samfella í námi er ekki tryggð sérstaklega að sögn kennara þó kennarar reyni að koma til móts við þarfir nemenda sinna með frjálsum aukaefni þegar þeir eru búnir með grunnefnið en nemendum á elsta stigi gefst kostur á því að taka áfanga á framhaldsskólastigi í vissum greinum. Kennarar hittast reglulega og bera saman bækur sínar stigsbundið en ekki greinabundið enda í sumum tilfellum einungis einn kennari í grein.

Teknir hafa verið upp viðtalstímar kennara við nemendur í þeim tilgangi að styrkja sjálfsvitund nemenda og tengsl nemenda og kennara. Kennarar eru sammála um að þessir fundir séu gagnlegir bæði þeim og nemendum en lítil reynsla er þó komin á þá og fundirnir eru fyrir utan skólatíma barnanna. Kennarar telja að í þessu kerfi hafi þeir þrengra sjónarhorn á nemendur og að samskiptaþátturinn vegi minna en fagið og afköstin í því, eða eins og einn kennari orðaði það: *einhver pólitik í þessu, einhver bissant hugmynd...veðjað á meiri framleiðni*. Lífsleiknitíminn sem áður var notaður í ýmis konar æfingar til að styrkja sjálfsvitund og gagnrýna hugsun nýtist ekki sem skyldi því það er svo margt annað sem þarf að taka fyrir í þeim tímum. Nemendur eru ekki hvattir meira nú en áður til að afla sér eigin upplýsinga og kynna eigið efni en það er gert töluvert í samfélagsgreinum þar sem tölvutæknin er m.a. notuð.

Foreldrar koma á foreldrafundi og sækja skemmtanir í skólann. Þeir koma líka með ábendingar varðandi eigin börn en að öðru leyti taka þeir lítinn þátt í skólastarfinu og eru lítið sýnilegir í skólanum en nota frekar tölvupóst í samskiptum. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, 15 mínútur í senn. Nokkrum dögum fyrir

foreldraviðtöl er námsmat sent heim til að foreldrar og nemendur hafi kost á að skoða það og undirbúa umræður í foreldraviðtali. Foreldrar eru almennt ekki spurðir um skólastarfið í foreldraviðtölum og ekki er krafa um að nemendur séu með foreldrum sínum í þessum viðtölum. Það sjónarmið kom fram hjá kennurum að foreldrar væru stundum full tilætlunarsamir og kröfuharðir varðandi eigin börn.

Ætlast er til að kennarar hittist á stigsfundum vikulega. Að mati kennara eru það nauðsynlegir fundir því margt þarf að undirbúa og skipuleggja sameiginlega. Faggreinakennarar hafa hist tvisvar sinnum í vetur en þyrftu að eigin mati meiri tíma. Fram kom að fagkennurum finnst þeir einangrast í starfi þegar þeir eru fáir eða einir sem kenna greinina. Umsjónarkennarar sitja á stigsfundum þess stigs sem umsjónarnemendur þeirra eru á þó þeir kenni hugsanlega meira á öðrum stigum.

Kennarar eru sammála um að lítið svigrúm sé fyrir faglegar umræður í starfinu, umræðan snúist mest um skipulag og um einstaka nemendur en síður um þætti eins og markmið og leiðir í starfi. Haldin hafa verið námskeið um einstaklingsmiðað nám og kynntar hafa verið fjölbreyttar kennsluaðferðir. Einnig sóttu kennarar í skólanum fræðslufund um námsmat sem vakti áhuga þeirra. Kennarar kalla hins vegar eftir auknum tilboðum af fræðslufundum og kynningu á nýju námsefni. Einnig telja þeir mikilvægt að koma á jafningjafræðslu kennara í milli. Í skólanum eru hins vegar engir forfallakennarar og engir stuðningsfulltrúar og kennarar því ídulega einir með nemendum sínum og því lítið svigrúm til samvinnu eða afleysinga fyrir kennara í kennslustundum eins og fyrirkomulaginu er háttað.

Námsmat er með mismunandi hætti eftir stigum og námsgreinum og er nú kallað símat þar sem vinnubrögð, verkefni, vinnubækur, hópavinna, kaflapróf og fleira er metið. Nemendur hafa aðeins prófað að meta sig sjálfir, bæði frammistöðu sína í hópavinnu og árangur í prófum. Einnig hefur aðeins verið unnið með jafningjamat meðal nemenda. Ferilmöppumat hefur verið rætt en er ekki komið í notkun að sögn kennara í rýnihópum.

Einn sérkennari er starfandi við skólann og sinnir hann aðallega nemendum á yngsta stigi og miðstigi. Nemendur fara til hans í litlum hópum. Einnig fá nýbúar sérstakan stuðning. Eldri börnum sem eiga í erfiðleikum við nám er boðið upp á aukatíma eftir kennslu.

Að mati kennara í rýnihópum eru vissir þættir í greinabundinni kennslu jákvæðir meðan endurskoða mætti aðra og vinna betur með þá. Þeir eru flokkaðir hér að neðan.

Jákvæðir þættir:

- Kennarar voru almennt ánægðir með 80 mínútna lotur. Þeir telja þær gefa meira svigrúm til fjölbreyttari kennsluhátta. Nemendur fá þannig meira svigrúm til að klára verkefni sín að þeirra mati.
- Viðtölin við nemendur féllu í góðan jarðveg hjá kennurum.
- Þægilegt fyrir kennara, þeir hafa sína eigin stofu og þurfa bara að skipuleggja eitt fág.
- Meiri líkur á að farið sé dýpra í efni sérhveftrar greinar þar sem kennarar sérhæfa sig í henni og skólastofan er útbúin með þarfir greinarinnar í huga.
- Getur verið styrkur fyrir kennara að taka sameiginlega á vanda erfiðra nemenda.
- Það getur verið auðveldara að láta nemendur vinna áfram í námsefni þar sem kennarar eru faglega sterkir.

Neikvæðir innri þættir:

- Kennarar á yngsta stigi og miðstigi telja mikinn ókost hvað þeir einangrast í starfi, þeir eru jafnvel einir með sína grein og erfitt er að ráðfæra sig við eða vinna með öðrum.
- Erfitt að nota samþættandi kennsluaðferðir í þessu kerfi, það veldur líflausara kennsluumhverfi.
- Hugsanlega þrífast nemendur með hegðunarerfiðleika illa í þessu kerfi því þeir hafa ekki þá reglufestu sem þeir þurfa. E.t.v. getur nemandi frekar komið sér frá vinnu ef hann fer á milli margra kennara yfir daginn.
- Að mati sumra kennara er hætt á að seinir nemendur dragist frekar aftur úr í þessu kerfi og virðist þeim kerfið henta duglegum nemendum betur.
- Erfitt að halda utan um umsjónarþætti með því að hitta hann svo lítið.
- Erfitt að vita hvenær farið er inn á verksvið annarra á yngsta stigi vegna þess hve námsefnið er skipulagt samþætt.
- Heimastofa varla heimastofa lengur.

Umbætur á skipulagi:

- Mikil hlaup á milli stofa því skilja þarf föt og skólatöskur eftir fyrir framan heimastofu milli tíma. Erfitt fyrir yngri nemendur að vera á svona miklu flandri.
- Samræma þarf skilning kennara á hugtakinu einstaklingsmiðað nám og hvernig það skuli útfært í starfi.
- Erfitt að finna tíma til að fara með bekki í vettvangsferðir lengri en 80 mínútur, undirbúa skemmtanir og sýningar.
- Slæmt ef nestistími tekur alltaf tíma frá sömu grein.
- Sundkennsla riðlar miklu í þessu skipulagi, erfiðara við að eiga en áður þar sem sveigjanleiki er lítill í stundaskrá.

5.3 Nemendur

Nemendur í rýnihópum eru almennt sammála um að þeim líði vel í skólanum og að skólastarfið gangi vel en líðan nemenda er einmitt eitt af því sem skólinn hefur haft áhyggjur af samkvæmt sjálfsmatsskýrslu 2004. Yngri nemendur segja mikla breytingu hafa orðið frá fyrra ári en hjá þeim eldri er breytingin minni. Breytingin hjá þeim yngri felst einkum í því að þeir hitta fleiri kennara og fara í fleiri stofur. Einnig ræða þeir mikið um að þeir þurfi að geyma útiföt við heimastofu en það kalli á mikil „ferðalög“ um skólann. Sögðust þeir hafa verið fljótir að venjast nýju fyrirkomulagi. Eldri nemendur nefna að mesta breytingin sé lengri lotur og færri námsgreinar á dag. Þannig nýtist tíminn betur í skólanum að þeirra mati og því sé heimanám minna. Nokkrir nemendur nefndu að þeim fyndist kennarar þurfa að samræma heimavinnu svo hún yrði ekki mismikil milli daga. Nemendur eru með markmiðsbækur í ákveðnum fögum og setja sér þar markmið í heimanámi og bera þannig sjálfir ábyrgð á því ásamt foreldrum. Í öðrum fögum eru það kennarar sem setja fyrir heimanám eða að heimanámið felst í því að ljúka skólaverkefnum.

Nemendur á elsta stigi segja greinabundna kennslu birtast mismunandi eftir fögum en almennt fái þeir meiri hópavinnu en áður og vinni fleiri verkefni tengd viðfangsefnum námsbókanna. Ekki sé unnið eins mikið beint í námsbókum og áður. Yngri nemendur nefna að aðalatriðið í greinabundinni kennslu hafi átt að vera að setja sér markmið og einstaklingsmiða en finnst lítið hafa orðið úr því. Nemendur hafa lítið sem ekkert sett sér markmið sjálfir.

Allir nemendurnir sögðust hafa góð samskipti við kennara sína en taka lítinn þátt í ákvörðunum um nám sitt, á því sé ekki breyting frá fyrra ári. Hins vegar sé breyting á sambandi við umsjónarkennara. Ef umsjónarkennari kennir námsgrein sem er kennd fáa tíma í viku hitti þeir hann minna nú en áður og nefna að þeim finnst hann ekki beint vera umsjónarkennari þeirra og leita jafnvel meira til annarra kennara sem kenna þeim meira.

Varðandi námsverkefni sögðu nemendur misjafnt hvort þau væru hæfilega þung, færi svolítið eftir greinum og í hverju þeir væru góðir, en yfirleitt væru þau nokkuð sanngjörn.

Í lífsleiknitímum segjast nemendur fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri en nemandi á elsta stigi nefndi að sér fyndist „*mikilvægt að kenna fólki að tala saman og kynna sér ýmis málefni og skiptast á skoðunum, það þyrfti að gera meira af því en gert er.*“ Nemendur eru ánægðir með viðtöl við kennara sína og eldri nemendur nefndu að það væri gott að kynnast kennurum á öðrum vettvangi, með því fengist öðruvísi tenging milli nemenda og kennara.

Þegar nemendur voru spurðir um fyrirkomulag námsmats sögðu þeir að það væri nær einungis fólgið í prófum. Vinnubækur eru líka metnar en þær veða ekki eins mikið og prófin. Nemendur meta sig lítið sjálfir en það hefur þó aðeins borið á því í einni námsgrein og þeir hafa verið beðnir að meta getu sína í prófum og gildir það mat sem hluti af einkunn, þ.e.a.s. ef matið er raunhæft hækkar prófseinkunn og ef það er óraunhæft lækkar einkunnin. Nemendum finnst full mikið af prófum og nemendur af elsta stigi nefndu að það væri hægt að sjá af mörgu öðru en prófum hvernig þeir stæðu sig. Nemendur setja verkefni í greinamöppur en nota ekki ferilmöppur.

Jákvæðum og neikvæðum þáttum varðandi greinabundna kennslu og nám að mati nemenda hefur verið safnað saman hér að neðan auk hugmynda nemenda um umbætur.

Jákvæðir þættir:

- Nemendum líður vel í skólanum og eru ánægðir í greinabundinni kennslu.
- Þeim finnst tíminn nýtast betur í lengri námslotum og betra að læra heima fyrir færri fög.
- Ánægja með viðtölin við kennara.

Neikvæðir innri þættir:

- Lítið samband við umsjónarkennara.
- Of mikið ráp á milli stofa og yngri nemendur kvarta mikið undan því að þurfa alltaf að geyma fötin við heimastofur.
- Nemendum finnst lítið tekið tillit til óska þeirra um breytingar.

Umbætur

- Skoða betur fyrirkomulagið varðandi föt og heimastofur.
- Samræma kröfur í heimanámi.
- Auka tónlistakennslu (ósk frá nemanda).

5.4 Foreldrar

Í umræðum kom fram sá skilningur foreldra að einstaklingsmiðað nám væri það að koma til móts við hvern nemanda þar sem hann er staddur í námi og væri viðurkenning á því að nemendur læra eftir mismunandi leiðum og á mismunandi hraða.

Foreldrar hafa þó ýmsar spurningar varðandi útfærslu á þessu í skólastarfinu. Til dæmis hvernig þessi stefna samræmdist því að allir taka sömu prófin og hver stjórnar ferðinni, eru það nemendur sjálfir eða kennarar. Þeim fannst þetta ekki hafa komið skýrt fram.

Þegar foreldrar voru spurðir hvernig greinabundin kennsla gengi fyrir sig í vetur og hvernig einstaklingsmiðað nám endurspegladist í henni kom fram að á yngri stigum væri einkum breyting í sambandi við heimavinnu. Ætlast er til að foreldrar aðstoði börn sín við að setja sér markmið í heimavinnu og beri í raun ábyrgð á heimanámi en foreldrum finnst skorta upplýsingar og viðmið frá kennurum varðandi þá vinnu. Hjá eldri nemendum er heimavinnan ákveðin af kennurum en á ábyrgð foreldra að fara yfir hana því það er ekki gert í skólanum að sögn foreldra. Það kom fram greinilegt óöryggi hjá foreldrum varðandi þennan þátt. Fæstir foreldrar sáu mikinn mun á skólastarfinu frá fyrra skólaári nema varðandi heimanámið. Á unglिंगastiginu er heimanámið minna að mati foreldra vegna þess að námslotur eru nú lengri en áður og færri fög kennd á dag og virðist tíminn nýtast betur til náms og þar af leiðandi minna að klára heima. Foreldrar eru almennt ánægðir með að heimavinnan sé lítil en óánægðir með að henni skuli ekki vera fylgt eftir í skólanum.

Foreldrum finnst hið breytta fyrirkomulag í skólastarfinu metnaðarfullt en fram kom að þeim þykir erfiðara að fylgjast með námslegri- og félagslegri stöðu barna sinna nú en áður. Þar sem umsjónarkennari kennir yfirleitt bara eitt fag hefur hann litla yfirsýn yfir hvernig gengur í öðrum fögum og getur síður svarað foreldrum til um það. Foreldrar hafa áhyggjur af að ekki sé ákveðinn aðili sem hafi yfirsýn yfir félagslegu tengslin í bekknum. Þetta finnst foreldrum óþægilegt og sakna umgjarðarinnar frá fyrri árum og telja að tryggja þurfi að skilaboð berist á milli kennara. Engu að síður geta foreldrar séð það sem kost að börn þeirri kynnist mörgum kennurum þar sem þau einangrist síður í sömu stofu hjá sama kennara. Einnig kom fram að ef samstarf við einn kennara er ekki gott vegur það ekki eins þungt ef samstarf við aðra kennara er gott. Börnunum líður vel í þessu kerfi að mati foreldra

Ekki virðist vera samræmi í því hvernig greinabundin kennsla er útfærð milli árganga í skólanum og þó að foreldrar hafi fengið ágæta almenna kynningu á því hvernig verkefnið er hugsað í skólanum telja þeir sig þurfa nánari kynningu á hvernig það er útfært á hverju aldurstigi.

Foreldrar eru almennt sammála um að Hvassaleitisskóli sé góður bóknámsskóli, þ.e.a.s. mikið er lagt upp úr að nemendur standi vel að vígi í bóklegum greinum og útkoma úr samræmdum prófum hefur verið góð. Fram kom þó óánægja með hvernig brugðist er við sérþörfum í skólanum og foreldrar lýstu því að þeir þyrftu mikið að berjast fyrir því að fá sérúrræði fyrir börn sín. Þeir voru þó sammála um að ef foreldrar ganga hart fram um að fá þjónustu þá fáist hún.

Foreldrar telja að nýja kerfið bjóði upp á meiri fjölbreytni í vinnubrögðum, telja lengri vinnulotur krefji kennara um að brjóta kennsluna upp með mismunandi aðferðum. Fram kom sú skoðun að námið væri e.t.v. of mikið námsbókamiðað og vilja foreldrar sjá meiri rauntengd verkefni þar sem nemendur takast á við eitthvað sem þeim finnst spennandi. Þeir vildu sjá meira af vinnubrögðum sem einkenna þemavikur, þ.e. meiri samþættingu námsgreina, hreyfingu og dans, tjáningu, samvinnu og áherslu á félagslega færni. Almennt telja foreldrar vanta áherslu á listir og tjáningu í skólann og kalla eftir að skólinn velji sér sérsvið, annað hvort á þeim vettvangi eða á sviði margmiðlunar þar sem hægt væri að nýta myndverkið sem hefur aðstöðu í skólanum og samþætta þar listir og bóklegar greinar.

Foreldrar segjast taka lítinn þátt í námi barna sinna í skólanum og þátttaka þeirra sé að mestu bundin við heimanámið. Þeir taka ekki þátt í mótun námskrár eða ákvörðunum sem snerti skólastarfið. Við skólann er þó starfandi foreldraráð og

foreldrafélag sem fundar með stjórn skólans. Á þessum fundum eru m.a. rædd innri mál skólans og mál sem snerta félagsstarf nemenda. Foreldrar töldu sig ekki vita hver farvegurinn væri fyrir mál hins almenna foreldis til foreldraráðs og þyrfti hugsanlega að gera línur skýrari þar að lútandi. Rætt var um málþing sem haldið var á vegum foreldra s.l. haust en þar kom m.a. fram að vilji væri hjá foreldrum til að auka samskiptin við skólann og var rætt um að foreldrar fengju aðstöðu í skólanum, n.k. foreldraherbergi, í þeim tilgangi. Fram kom að það væri auðvelt að fá viðtal hjá stjórnendum skólans ef þurfa þykir en slík viðtöl snúast jafnan um málefni einstakra barna en ekki skipulag skólastarfsins í víðara samhengi. Talið var jákvætt að rafræn samskipti væru notuð, t.d. „mentor“ kerfið, en samræma þyrfti notkun þess, kennarar nýta það á mismunandi hátt og í mismunandi mæli. Allir voru sammála um að viðmót væri gott í skólanum og gott aðgengi að kennurum og stjórnendum.

Foreldrar benda á að hugsa þurfi foreldraviðtölin út frá nýja kerfinu. Þeim finnst 15 mínútna viðtöl ekki fullnægjandi. Þeir telja ekki nóg að hitta eingöngu umsjónarkennarann ef hann hefur litla yfirsýn yfir hvernig nemendum gengur í öðrum námsgreinum en þeim sem hann kennir.

Þátttakendur voru sammála um að skólinn ynni að því að styrkja sjálfsvitund og gagnrýna hugsun hjá nemendum, einkum í lífsleiknitímum og með nemenda-viðtölum.

Þegar spurt var hvernig námsmati væri nú háttað í skólanum sögðu foreldrar litla reynslu vera komna á þetta nýja kerfi. Þeim finnst ekki ljóst við hvað á að miða og veltu fyrir sér hvort miða ætti við framfarir einstaklingsins eða við hópinn. Upplýsingar frá skólanum segja að miða skuli við einstaklinginn en þær einkunnir sem hafa komið frá skólanum í vetur eru miðaðar við hópinn með undantekningu í einu fagi. Í því fagi gera nemendur áætlanir og taka próf þegar þeim er lokið. Þar fara nemendur á eigin hraða. Foreldrum finnst mikið vera um próf, jafnvel of mikið. Þeim finnst þó jákvætt að nemendur hafi val um að endurtaka próf ef þeir vilja hækka einkunn og telja það auka ábyrgð á eigin námi. Foreldrar taka ekki þátt í námsmati og hafa ekki orðið varir við sjálfsmat hjá nemendum en taka fram að það gæti verið gert í skólanum án þess að þeir viti til. Eitt foreldri sagði: *maður vill fá að vita áður en kemur að afhendingu einkunna hvort maður þarf að aðstoða barnið meira eða hvort allt er í lagi, of seint að bregðast við þegar einkunnin er komin*. Foreldrar hafa ekki séð námsmöppur notaðar í skólanum en bíða spenntir eftir að sú vinna fari í gang.

Jákvæðir og neikvæðir þættir verkefnisins í huga foreldra og hugmyndir um umbætur eru eftirfarandi:

Jákvæðir þættir:

- Foreldrar eru ánægðir með þá ákvörðun að farið var út í greinabundna kennslu og nám.
- Þeir eru einnig ánægðir að kennslulotur skulu vera lengri og að heimanám sé minna.
- Þeim finnst viðmótið í skólanum gott og segja að börnum þeirra líði vel í skólanum.

Neikvæðir innri þættir:

- Foreldrar eru óruggir með fyrirkomulag heimanáms, hvaða kröfur þeir eiga að gera til barna sinna og hvort þeir aðstoði börn sín á réttan hátt. Þeim finnst vanta meiri samvinnu við kennara varðandi heimanám.
- Foreldrum finnst námið of námsbókamiðað og vilja gjarnan sjá meiri list- og verkgreinar, tjáningu, sköpun og meiri áherslu á félagslega færni í skólasterfinu.
- Foreldrar telja að skortur geti verið á heildarsýn á nemendum með nýja kerfinu þar sem umsjónarkennari hittir nemendum takmarkað. Þeir ræddu að utanumhald þyrfti e.t.v. að vera meira.
- Vantar að sýna samræmi milli námsmats og kennsluhátta.

Umbætur:

- Bæta upplýsingar til foreldra um hvernig starfið er framkvæmt innan hvers árgangs.
- Tryggja utanumhald umsjónarkennara.

5.5 Vettvangsathugun

Samkvæmt áætlun gerðu úttektaraðilar vettvangsathugun í Hvassaleitisskóla í lok nóvember 2006 með því að sitja inni í 12 kennslustundum og fylgjast með starfinu með hliðsjón af viðmiðunarramma. Þeir þættir sem sérstaklega voru skoðaðir voru námshættir og vinnubrögð, bekkjarandi, kennsluaðferðir, virk þátttaka nemenda í

skólastarfi, sérkennsla eða námsaðstoð auk upplýsinga um aldur nemenda, fjölda, námsgrein og fleira (sjá fylgiskjal 4). Viðmiðunarramminn er í formi „talnalínu“ merktur (-, ekki sýnilegt) lengst til vinstri og með (+, mjög sýnilegt) lengst til hægri. Fjöldi bekkja eða kennara sem við á er merktur á viðeigandi stað á „talnalinunni.“ Upplýsingar af viðmiðunarrömmum, utan atriða er snerta námshætti og vinnubrögð, hafa verið settar í töflur 4.1.1–4.4.4 hér að neðan.

Í flestum tilfellum voru nemendur einbeittir og vinnusamir eða í 8 bekkjum og fyrimæli kennara skýr. Ríkjandi var samspil kennara og nemenda í tímum en þrír kennarar virtust vera nokkuð einráðir í tímum. Í öllum tilfellum voru samskipti kennara og nemenda nokkuð mikil eða mikil og voru þau ýmist jákvæð eða hlutlaus. Úttektaraðilar urðu ekki varir við neikvæð samskipti kennara og nemenda. Meirihluti kennara var hreyfanlegur um stofuna eða 8 kennarar en 2 voru við töflu eða kennaraborð mestan hluta tímans. Algengasta uppröðun í stofu voru hópar eða ýmis uppröðun borða.

Almennt virtist ríkja góður andi í bekkjunum og þægilegt var að koma inn sem gestur. Nemendur voru almennt hjálpsamir, í tveimur bekkjum sást það mjög skýrt og úttektaraðilar urðu varir við hjálpsami í sex öðrum bekkjum. Í níu bekkjum sýndu nemendur mjög greinilega hlýlegt viðmót. Hegðun nemenda var almennt góð, ekki voru sýnileg alvarleg brot á skólareglum en í tveimur bekkjum sáu úttektaraðilar væg hegðunarfrávik (sjá töflu 4.4.1).

Tafla 4.4.1 Bekkjarandi

	- Ekki sýnilegt		+ Mjög sýnilegt
Hjálpsami		6	2
Hlýlegt viðmót	1	2	9
Skólareglur virtar		2	10

Kennsluaðferðir virtust vera nokkuð hefðbundnar þar sem farið var yfir verkefni í tímum og nemendur unnu áfram í bókum sínum eða í 8 tilfellum af 12. Með innlögn er átt við að kennari útskýri námsefni frá töflu. Ekki sáust dæmi um innlagnir nema í fjórum bekkjum. Í fimm bekkjum sáust dæmi þess að nemendur ynnu sjálfstætt og samvinna var milli nemenda í átta skipti. Í þremur bekkjum sáust dæmi um að nemendur ynnu að skapandi verkefnum og í þremur bekkjardeildum leituðu nemendur sjálfir að upplýsingum ýmist í tölvu eða á myndbandi. Í sex bekkjum fengu

nemendur að velja viðfangsefni að einhverju leyti og í átta tilfellum áttu sér stað samræður milli nemenda (sjá töflu 4.4.2).

Tafla 4.4.2 Kennsluaðferðir

	- Ekki sýnilegt		+ Mjög sýnilegt
Innlögn	8		4
Námsbókarmiðuð kennsla	4	3	5
Sjálfstæð vinnubrögð	7	3	2
Samvinna	4	6	2
Skapandi verkefni	9	1	2
Eigin upplýsingaleit	9		3
Samræður	4	6	2
Valverkefni	7	4	1
Notkun upplýsingatækni	9		3

Námsmöppur voru ekki sýnilegar úttektaraðilum en í einu tilfelli tóku nemendur þátt í markmiðssetningu og lögðu mat á eigin vinnu (sjá töflu 4.4.3).

Tafla 4.4.3 Virk þátttaka nemenda í skólastarfi

	- Ekki sýnilegt		+ Mjög sýnilegt
Námsmöppur – markmiðsbækur	12		
Þátttaka nemenda í markmiðssetningu	11		1
Sjálfsmat	11		1

Sérkennsla var ekki sjáanleg nema í einum bekk sem farið var inn í en í þremur bekkjum var nám sjáanlega aðlagð getu nemenda (sjá töflu 4.4.4).

Tafla 4.4.4 Sérkennsla/Námsaðstoð

	- Ekki sýnilegt		+ Mjög sýnilegt
Sérkennsla inni í bekk	11		1
Getuskiptir hópar í sérkennslurými	12		
Getublandaðir hópar í sérkennslurými	12		
Nám aðlagð getu í bekk	9		3

Úttektaraðilar veittu því athygli þegar þeir gengu um skólann að kennslustofur voru jafnan læstar, hvort sem kennsla fór þar fram eða ekki og gangar voru ekki nýttir

til skólastarfs. Einnig vakti það athygli að nokkuð var um að nemendur væru sendir til skólastjórnenda ef hegðun þeirra var ábótavant.

5.6 Samantekt

Í rituðum gögnum kemur fram að stefna Hvassaleitisskóla samræmist að mörgu leyti áherslum Menntasviðs Reykjavíkur varðandi einstaklingsmiðað nám. Í skólanum er áhersla á greinabundna menntun kennara og stefnt að markvissri samfellu og einstaklingsmiðun í námi. Í könnun á starfi kennara Hvassaleitisskóla frá febrúar og desember 2006 kemur fram að kennarar eru yfirleitt mjög eða meðal ánægðir með störf sín í skólanum og flestir telja kennsluhætti sína fjölbreytta.

Í rýnihópum foreldra og nemenda kemur fram að þeim finnst viðmótið í skólanum gott og nemendum líður vel í skólanum. Þetta endurspegladist einnig í vettvangsathugunum úttektaraðila þar sem nemendur voru í flestum tilfellum einbeittir og vinnusamir og samskipti nemenda og kennara góð.

Þátttakendur í öllum rýnihópunum töluðu almennt um að lengri námslotur gæfu meira svigrúm til fjölbreyttra kennsluhátta. Fram kom hjá nemendum að þeim fyndist tíminn nýttast betur í skólanum og þeir fengju fleiri tækifæri til að vinna margvísleg verkefni tengd viðfangsefninu hverju sinni. Nemendur voru einnig ánægðir með að hið nýja fyrirkomulag auðveldaði heimanám, það væri minna vegna þess að færri fög væru kennd á dag og þeir næðu oftast að klára verkefni í skólanum. Foreldrar eldri nemenda voru ánægðir með að heimanám væri minna hjá þeim en foreldrar yngri barna lýstu óöryggi með nýfengna ábyrgð á skipulagi og áætlanagerð í heimanámi og töluðu um að auka þyrfti upplýsingar og endurgjöf frá skóla varðandi þennan þátt.

Foreldrar eru ánægðir með að greinabundinni kennslu og námi var komið á en sjá ekki enn mikinn mun á skólastarfi frá því sem áður var annan en þann sem lýtur að heimanámi og þeir vilja gjarnan sjá að námið verði minna námsbókamiðað en það er. Þeir vilja einnig að lögð verði meiri áhersla á félagslega og listræna færni nemenda, hreyfingu og tjáningu. Í vettvangsathugunum virtust kennsluaðferðir vera nokkuð hefðbundnar, í flestum tilfellum var unnið í námsbókum eða verkefni unnin af blöðum.

Að mati kennara hefur greinabundin kennsla bæði kosti og galla í för með sér. Minnst breyting hefur orðið á högum kennara eldri barna en kennarar yngri barna sögðust finna mikinn mun. Þeim þætti m.a. erfiðara að samþætta námsgreinar nú en áður en námsefni fyrir yngri börn er oft byggt upp með samþættingu námsgreina í huga. Kennurum finnst að mörgu leyti þægilegt að hafa eigin stofu og geta einbeitt sér að einu fagi en segjast finna fyrir einangrun í starfi þegar enginn annar kennari kennir sama fag og þeir og lítið svigrúm hefur gefist til samvinnu greinakennara. Að mati kennara eru meiri líkur á að farið sé dýpra í efni námsgreinar þar sem kennarar sérhæfa sig í henni og þar sem þeir eru faglega sterkir í greininni ættu þeir að eiga auðveldara með að hjálpa nemendum að vinna á sínum hraða.

Í öllum rýnihópum kom fram að með greinabundinni kennslu er minna samband milli umsjónarkennara og nemenda en áður og hafa nemendur nú að jafnaði fleiri kennara en áður. Þátttakendur töldu að þetta fyrirkomulag gæti falið í sér bæði kosti og ókosti. Kostirnir væru þeir að nemendur einangrist ekki hjá einum kennara og fleiri kennarar koma að erfiðum málum en ókostirnir væru hins vegar þeir að skortur væri á yfirsýn og utanumhaldi kennara og nemendur gætu komist undan ábyrgð og þátttöku með því að fara mikið á milli kennara. Einnig gæfist minni tími til umræðna og samskipta. Í öllum rýnihópum kom fram ánægja með einstaklingsviðtöl við nemendur.

Foreldrar nefndu að þeim fyndist þörf á að endurskoða foreldraviðtöl þar sem umsjónarkennari hefur ekki yfirsýn yfir stöðu nemenda í skólastarfinu í heild og því erfiðara fyrir foreldra að fylgjast með námslegri og félagslegri stöðu barna sinna. Einnig bentu foreldrar á að skoða þyrfti hvernig skólinn brygðist við sérþörfum nemenda í skólanum.

Hvað námsmat varðar nefndu kennarar að þeir væru svolítið að prófa sig áfram í nýjum aðferðum en foreldrum og nemendum finnst námsmatið heldur prófamiðað og sjá ekki hvernig það endurspeglar einstaklingsmiðað nám. Vinna með námsmóppur virðist lítið hafin og nemendur meta sig sjálfir mjög takmarkað.

6 Umræður

Meginmarkmið úttektarinnar er að meta stöðu og árangur af greinabundinni kennslu og námi í Hvassaleitisskóla haustið 2006. Spurningarnar sem hafðar voru að leiðarljósi eru:

Hver er árangur af áherslum Hvassaleitisskóla um einstaklingsmiðun í skólastarfi?

Er komið til móts við þarfir hvers og eins með greinabundinni kennslu?

Hér var talað við afmarkaðan hóp kennara, nemenda og foreldra og því ekki hægt að yfirfæra svör þeirra og sjónarmið skilyrðislaust yfir á allt skólasamfélagið. Þau gefa þó vísbendingar sem vert er að skoða og bera saman við vettvangsathuganir, upplýsingar úr gögnum og frá skólastjórnendum. Fram kemur viss samhljómur í umræðu hinna mismunandi rýnihópa, vettvangsathugunum og rituðum gögnum.

Niðurstöður benda til að í mörgum þáttum sé Hvassaleitisskóli á réttri leið í átt að markmiðum sínum. Nemendur og foreldrar virðast almennt ánægðir með að greinabundin kennsla og nám hafi verið tekin upp en skiptar skoðanir eru hjá kennurum eins og fram kemur í rýnihópum. Kennarar og foreldrar í rýnihópum geta skilgreint í hverju einstaklingsmiðað nám felst og í skólanum virðist ríkja gott viðmót og jákvætt andrúmsloft bæði hjá starfsfólki og nemendum. Nemendum virðist líða vel og í kennslustundum sem úttektaraðilar sáu voru nemendur almennt vinnusamir og kurteisir. Kennarar geta einbeitt sér og dýpkað fagkunnáttu sína í einu fagi og hafa meiri yfirsýn yfir greinina í heild og lengri vinnulotur gera það að verkum að fjölbreyttari kennsluáferðir eru meira notaðar en áður. Nemendur eru teknir í einstaklingsviðtöl til að styrkja sjálfsvitund þeirra og efla bönd þeirra og kennara og í tveimur námsgreinum setja nemendur sér markmið. Nemendur hafa aðeins metið sig sjálfir og foreldrar hafa í auknum mæli verið gerðir ábyrgir fyrir heimanámi barna sinna en fyrirkomulag heimanáms er að mati foreldra í rýnihópi meginbreytingin á skólastarfinu frá því sem áður var.

Ýmis vannýtt tækifæri og vankantar eru þó sýnilegir í verkefninu og það er álit úttektaraðila að með breyttum áherslum í verkefninu megi ná betri árangri í þágu einstaklingsmiðaðs náms og koma meira til móts til þarfir hvers og eins nemanda.

Eins og fyrirkomulagið er nú þurfa kennarar að sinna fleiri nemendum en áður og hitta umsjónarnemendur sína takmarkað. Það getur gert eftirlit og utanumhald erfiðara og hætta getur verið á að ekki skapist eins náin tengsl milli kennara og nemenda og eins gæti efling félagstengsla orðið útundan. Það virðist reynast

kennurum erfiðara að samþætta námsgreinar og þess vegna geta námsaðstæður jafnvel orðið rýrari nú en áður eins og kemur fram í rýnihópi kennara. Kennarar yngri barna telja jafnvel minni möguleika á að ná dýpt í umfjöllun námsefnis í þessu kerfi. Það sé erfitt að koma við kennsluaðferðum sem byggja á samþættingu námsgreina en námsefni hjá yngri nemendum er oft sniðið að þeim kennsluháttum. Erfitt getur verið fyrir kennara að vita hvenær farið er yfir á verksvið annarra kennara þegar mikil skörun milli námsgreina er í námsefni. Sumir kennarar töluðu um að þeir myndu fyrir einangrun í starfi þar sem þeir væru e.t.v. einir með fagið og skorti því samstarfsaðila. Einnig bar á töluverðu óöryggi í rýnihópum meðal kennara hvernig útfæra ætti starfið samkvæmt áherslu á einstaklingsmiðun í námi og virtist vera þörf á nánara samráði kennara í milli og mótun sameiginlegrar sýnar skólans. Það kom fram hjá foreldrum í rýnihópi að þeim myndist vanta á samræmingu innan skólans í útfærslum og kölluðu eftir skýrari skilaboðum frá skóla um verklag og áherslur.

Námið í skólanum virðist vera námsbókamiðað og námsmat oft á tíðum í formi prófa þó að það sé kallað símat. Bæði foreldrar og nemendur telja próf of ríkjandi þátt í námsmati og foreldrum finnst ósamræmi ríkja milli markmiða skólans um einstaklingsmiðað námsmat og útfærslunnar. Móta þarf sameiginlega sýn varðandi námsmat, framkvæmd þess og tilgang. Einnig eru foreldrar óöruggir um fyrirkomulag heimanáms og finnst vanta meiri leiðsögn og samvinnu um það frá skólans hendi. Þetta þarf að skoða og bæta.

Nemendur töldu að í greinabundinni kennslu yrði meira um markmiðssetningu af þeirra hálfu í náminu en áður en sú hafi ekki orðið raunin nema í einu fagi. Kennarar virðast vera nokkuð einráðir um skólastarfið og þó þeir noti mismunandi kennsluaðferðir virðist námið að miklu leyti miðast við námsbækur fremur en markmið sem henta hverjum og einum. Þetta kemur m.a. fram í svörum nemenda í rýnihópi, það fari eftir því í hverju þeir eru góðir hvort verkefni eru hæfilega þung eða ekki. Þetta kom einnig í ljós í vettvangsathugunum. Námsbækur gegna að sjálfsögðu mikilvægu hlutverki í námi og eru vissulega samdar til að ná markmiðum Aðalnámskrár. Hins vegar er hægt að ná markmiðum með öðru efni og mismunandi leiðum og brýnt er að hafa það að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir, áhugamál og styrkleika nemenda. Það væri til bóta og skref í rétta átt eins og foreldrar benda á að nýta list- og verkgreinar í auknum mæli sem leið til að ná markmiðum. Á sama hátt þarf að hafa í huga að miða námsmat við markmið og meta árangur með mismunandi hætti. Kennarar telja sig vera að fikra sig í þá átt en töluvert

vantar þó upp á að það sé fullunnið að mati úttektaraðila. Virkja þarf nemendur og foreldra inn í skólastarfið með kennurum, bæði inn í markmiðssetningar og matsþætti. Jákvætt er að tekin eru einstaklingsviðtöl við nemendur til að styrkja stöðu þeirra og líðan en undrun vakti að þessi viðtöl eru utan skólatíma.

Fram kom hjá foreldrum að þeim fyndist skólinn ekki koma nægilega vel til móts við sérþarfir nemenda. Þeir lýstu erfiðleikum við að fá sérþarfir metnar og viðeigandi úrræði. Ef hins vegar eru notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir og námið sniðið að þörfum nemenda ætti þörfin fyrir sérkennslu að minnka og einnig ætti að vera hægt að minnka þörfina fyrir aukatíma að skólatíma loknum.

Nokkrir þættir í námsumhverfi og skipulagningu vöktu athygli úttektaraðila og vöktu spurningar um tilgang og stefnu. Þar má nefna óánægju nemenda og kennara með mikil hlaup um skólann með föt og töskur. Það er bæði tímafrekt og ólipurt í framkvæmd. Hugsa mætti sér sameignlegt fatahengi miðsvæðis í skólanum eða við inngang til að koma í veg fyrir þetta. Lokaðar og læstar skólastofur vöktu einnig athygli sem og ónýttir gangar og það að börn væru send til skólastjórnenda eins og fram kemur í kafla 5.5 um vettvangsathugun. Nemendur virðast mjög bundnir í lokuðum stofum, ekki virðist vera um samvinnu milli bekkjadeilda eða árganga að ræða og nemendur vinna jafnan í námsefni síns árgangs. Lítið bar á því að nemendur færu á eigin hraða (undantekning í einu fagi) með mismunandi aðferðum og að flæði ætti sér stað milli aldurshópa eða stiga, ekki virðist hafa orðið breyting á því með nýju fyrirkomulagi. Þetta eru allt þættir sem þarf að skoða og meta og leita leiða til úrbóta (sjá ábendingar hér að neðan).

Til að ná árangri í skólastarfi er mikilvægt að efla lærdómsmenningu og alla samvinnu kennara¹¹ en samvinna kennara er talin einn meginþáttur í árangursríku skólastarfi.¹² Átt er við samstarf sem á sér stað bæði í námsaðstæðum nemenda og á samstarfsfundum kennara. Samkvæmt nýrri rannsókn dr. Önnu Kristínar Sigurðardóttur á tengslum lærdómsmenningar og árangurs skóla er lærdómsmenning sú þekkingarsköpun sem byggir á sameiginlegri ígrundun starfsfólks í daglegu starfi þannig að sameiginleg sýn myndist og hópurinn stefni í sömu átt. Kennarar spyrja sig lykilsurninga um hver árangur nemenda sé á öllum sviðum og er sterk lærdómsmenning nauðsynlegur grunnur að stöðugri þróun skólastarfs. Fagleg umræða

¹¹ Anna Kristín Sigurðardóttir. 2006.

¹² Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni. 2003.

starfsfólks og ígrundun á daglegu starfi geta af sér nýja þekkingu sem nýtist innan hópsins og skilar árangri fyrir skólasamfélagið.¹³

Í rannsókn Önnu Kristínar Sigurðardóttur kom fram að samstarfsfundir kennara nýttust ekki sem skyldi til framþróunar skólastarfs þar sem þeir voru utan kennsluaðstæðna og án faglegra umræðna og ögrandi spurninga. Ekki er nóg að vinna saman að skipulagningu, kennarar þurfa að kenna saman, ræða saman á faglegum nótum og þora að hleypa öðrum kennurum að starfi sínu.¹⁴

Að mati úttektaraðila er nauðsynlegt að kennarar í Hvassaleitisskóla ræði opinskátt um viðhorf sitt skilning og á einstaklingsmiðuðu námi og útfærslu þess í skólastarfinu og móti með því sameiginlegan skilning og sýn til að byggja áframhaldandi vinnu á. Að þeirri vinnu lokinni er mikilvægt að þeirri sýn verði komið skýrt til skila til foreldra og nemenda og útbúin framkvæmdaáætlun til að vinna eftir. Gagnlegt getur verið að stofna leshringi og umræðuhópa til að skerpa á skilningi og sýn.

Mikilvægt er að rjúfa einangrun kennara í starfi og auka samvinnu þeirra í kennslunni. Með því væri hægt að bæta úr ýmsum þeim þáttum sem nefndir voru sem neikvæðir þættir í greinabundinni kennslu hjá kennurum, nemendum og foreldrum. Mikilvægt skref í rétta átt er að stofna til formlegra samvinnuteyma kennara í samræmi við markmið um einstaklingsmiðað nám sem sett er fram í Matstæki frá Menntasviði Reykjavíkurborgar.¹⁵ Kennarar í slíkum teyimum bera sameiginlega ábyrgð á sínum nemendahópi og geta skipulagt nám og kennslu með þarfir þessara nemenda í huga. Þetta fyrirkomulag greiðir fyrir samvinnu, samþættingu námsgreina og hreyfanleika nemenda. Þannig gætu þrír kennarar sem kenna stærðfræði, íslensku og samfélagsfræði í 4.–6. bekk verið með bekkina í samfellt 3x80 mínútur í samþætту námi, stöðvavinnu, samkennslu árganga eða öðru fyrirkomulagi þar sem nemendur væru ekki endilega bundnir í sínum bekk eða stofu. Með því að kenna nemendum sjálfstæð vinnubrögð og að vinna saman í mismundandi hópum gæti skapast svigrúm fyrir kennara að taka viðtöl við nemendur á skólatíma en það gefur skilaboð um mikilvægi þeirra. Kennarar gætu engu að síður dýpkað sig í sinni grein en hefðu tók á meiri sveigjanleika í starfsháttum. Þetta ynni gegn einangrun kennara í starfi og

¹³ Anna Kristín Sigurðardóttir. 2006.

¹⁴ Anna Kristín Sigurðardóttir. 2006.

¹⁵ Matstæki um einstaklingsmiðað nám. 2005.

auðveldaði heildarsýn á nemendur. Á þennan hátt væri einnig auknir möguleikar til að koma til móts við þarfir nemenda, bæði hvað varðar félagsleg samskipti og nám.

Í stefnu skólans er lögð áhersla á að auka samstarf skóla og heimila og stefnt að því að auka ábyrgð foreldra á námi barna sinna eins og fram kemur í kafla 5.1 hér að framan. Foreldrar hafa fengið aukna ábyrgð á heimanámi barna sinna en koma að öðru leyti fremur lítið að skólastarfinu. Þeir kalla eftir meiri upplýsingum frá skólanum og nánari útfærslu á framkvæmd og ábyrgð heimanámsins. Einnig telja þeir að breyta þurfi fyrirkomulagi foreldraviðtala. Það virðist vanta að móta sameiginlegan skilning skólans og foreldra um hvernig skuli unnið og til hvers sé ætlast af hinum mismunandi aðilum varðandi samstarf. Skapa þarf umræðugrundvöll þessara aðila og vilja til að vinna saman. Athygli vakti hjá úttektaaðilum hversu erfiðlega gekk að fá foreldra til samstarfs í rýnihópa. Af því mætti draga þá ályktun að starf í þágu skólans sé e.t.v. ekki efst á forgangslista foreldra.

Fjöldi rannsókna hafa leitt í ljós sterk tengsl milli samvinnu heimilis og skóla og líðan og námsárangurs barna. Sýnt hefur verið fram á að undirstaða árangursríkra samskipta heimilis og skóla er gagnkvæmt traust og virðing sem báðir aðilar þurfa að leggja sig fram um að skapa. Til að þróa og auka gæði samstarfs skóla við fjölskyldur þurfa skólar að móta og vinna eftir samstarfsáætlunum.¹⁶

Eins og fram kemur í kafla 5.2 eru nú stutt (15 mínútna) foreldraviðtöl í Hvassaleitisskóla einu sinni á hvorri önn þar sem farið er yfir námslega stöðu nemenda. Nemendur hafa val um það hvort þeir eru með í viðtölunum eða ekki. Það gefur auga leið að á 15 mínútum gefst lítið svigrúm til samvinnu um nám barnanna. Þar sem ekki er ætlast til þátttöku nemenda í viðtölunum má líta svo á að ekki sé mikilvægt að þeir taki þátt í framvindu, mati og ígrundun á eigin námi. Til að um raunverulega samvinnu geti verið að ræða þarf að skapa svigrúm og aðstæður til að sjónarmið allra komist til skila. Ein leið til aukins árangurs í skólastarfi gæti verið sú að fella niður 15 mínútna viðtöl í tengslum við afhendingu námsmats og dreifa viðtölum jafnt yfir allt skólaárið. Þannig gæti kennari haft 1½ – 2 klst. á viku til umræða fyrir foreldra- og nemendaviðtöl þar sem allir aðilar gætu hist og rætt málin í u.þ.b. klukkustund að lágmarki tvisvar á vetri. Kennari raðar niður tímum að hausti með foreldrum og getur jafnvel boðið foreldrum upp á að hitta þá heima í fyrsta skiptið ef þeir óska eftir því. Viðtölin þurfa að vera vel undirbúin af allra hálfu og

¹⁶ Ingibjörg Auðunsdóttir. 2006.

snúast um markmið og leiðir í námi og félagslegt gengi og líðan nemenda. Meginmarkmiðin þurfa að vera skýr og öllum kunn, bæði hvað varðar starfið í skólanum og heima.

Ef niðurstöður úttektar í Hvassaleitisskóla eru dregnar saman og skoðaðar í ljósi matslista menntasviðs Reykjavíkurborgar út frá stoðunum sex, þ.e. skipulagsstoð, námsumhverfisstöð, viðhorfastöð, kennarastöð, nemendastöð og foreldastöð má sjá eftirfarandi:

Hvassaleitisskóli virðist vera á fyrsta stigi varðandi skipulag að öðru leyti en því að vinnulotur eru lengri en áður, skipulagðir þemadagar eru í skólanum og kennarar vinna saman, t.d. á stigsfundum. Varðandi þessa þætti mætti segja að skólinn sé á þriðja stigi. Þegar 5. stigi er náð á sér stað samvinna þvert á árganga, nám er almennt skipulagt þvert á greinar í nokkrar vinnulotur, kennarar vinna í teyrum og bera sameiginlega ábyrgð á hópi nemenda þvert á árganga.

Töluvert er um fartölvur í skólanum fyrir nemendur og kennarar tala um aukna notkun upplýsingatækni. Verk nemenda eru nokkuð sýnileg víða um skólann og endurspeglar þannig vinnu nemenda en vinna nemenda nær ekki út fyrir skólastofurnar að neinu marki og mörg rými skólans eru vannýtt. Markmiðið er að námsumhverfið nái út fyrir skólastofurnar þannig að öll rými nýtist, að flæði sé á milli rýma og að þrír til fimm nemendur séu um hverja tölvu að jafnaði.

Nokkrar umræður eru meðal kennara um nám og kennslu. Kennarar virðast viðurkenna mismunandi framgang náms í sumum greinum en árgöngum virðist að mestu vera ætlað að læra það sama á sama tíma. Upplýsingamiðlun til foreldra er talin mikilvæg en foreldrar eru litlir þátttakendur í skólastarfinu. Samkvæmt matstækinu skal keppa að því að viðhorf til skólastarfsins sé að nám nemenda sé í brennidepli, viðurkennt að einstaklingar séu ólíkir, læri á mismunandi hátt og mismunandi þætti og talið sjálfsagt að skólastjóri sé faglegur stjórnandi skólans.

Í kennarastöðinni er Hvassaleitisskóli á réttri leið. Tekin eru einstaklingsviðtöl við nemendur, einkum um líðan þeirra og áhugamál en minna um námið sjálft. Kennarar virðast vera að mestu einráðir í kennslunni, þeir setja í flestum tilfellum markmiðin og ákveða leiðirnar. Símat er í gangi þar sem vinnubækur og verkefni eru metin en mikil áhersla er á próf. Til að ná fimmta stigi þurfa nemendur að gera sér áætlanir í samvinnu við kennara og foreldra og nota námsleiðir í takt við þær,

einstaklingar og hópar velja sér verkefni innan ákveðins þema, einstaklingsviðtöl við nemendur viku- eða hálfsmánaðarlega og námsmat einstaklingsmiðað í formi símats.

Nemendur þekkja námsmarkmið bekkjarins í stórum dráttum og skipuleggja nám sitt að hluta hjá sumum kennurum út frá settum markmiðum. Þeir vinna ýmist sjálfstætt, einir eða í hópum og hafa nokkurt val í sumum greinum. Á fimmta stigi eru nemendur ábyrgir fyrir námi sínu og setja sér eigin markmið í námi í samvinnu við foreldra og kennara. Nemendur meta námsframvindu sína í samvinnu við kennara og þekkja eigin námsstíl og hvaða námsleiðir henta þeim. Þeir eru færir um að vinna sjálfstætt og velja sér greinar og verkefni og taka þátt í skipulagi skólafarsins í heild.

Foreldrar taka þátt í að skipuleggja heimanám barna sinna og fá upplýsingar frá skólanum. Þeir taka þátt í atburðum og koma reglulega í stutt viðtöl til umsjónar-kennara þar sem náms- og félagsleg staða barns þeirra er rædd. Þegar fimmta stigi er náð eru foreldrar virkir samverkamenn skólans, þeir meta og gera áætlanir með börnum sínum og kennurum og miðla upplýsingum.

Segja má að Hvassaleitisskóli sé á sumum sviðum á fyrsta stigi en er víða að fíkra sig í átt að 2. og 3. stigi og í einstaka tilfelli að nálgast 5. stig.

Ef litið er á fyrri matsspurninguna um hver árangur af áherslum Hvassaleitisskóla í einstaklingsmiðun í skólafarfi sé má í stórum dráttum segja að kennsluhættir séu fjölbreyttari og aukning hafi orðið á notkun upplýsingatækni í skólafarfinu. Foreldrar hafa einnig tekið meiri ábyrgð á heimanámi barna sinna.

Sé horft til seinni matsspurningarinnar um hvort komið sé til móts við þarfir hvers og eins með greinabundinni kennslu virðist ekki vera mikil breyting í þá átt hjá nemendum. Hvað yngri nemendur varðar má jafnvel ætla að nýja kerfið eins og það er útfært núna dragi úr möguleikum til námsaðlögunar þar sem kennara vantar heildarsýn á nemenda, þeir vinna ekki saman í kennslunni og hafa ekki mótað sér sameiginlega sýn á útfærslum og vinnubrögðum.

7 Heimildaskrá

Anna Kristín Sigurðardóttir. 2006. *Studying and Enhancing the Professional Learning Community for Scholl Effectiveness in Iceland*. The University of Exeter.

Heimasíða Hvassaleitisskóla. 2007. www.hvassaleitisskoli.is

Ingibjörg Auðunsdóttir. 2006. *Árangursríkt samstarf. Þróunarverkefni um bætt samstarf heimila og skóla*. Óbirt M.Ed. ritgerð, Háskólanum á Akureyri, Akureyri.

Ingvar Sigurgeirsson. 2005. Um einstaklingsmiðað nám, opinn skóla og enn fleiri hugtök. *Uppeldi og menntun* 14:9-32.

Matstæki um einstaklingsmiðað nám. 2005. Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni. 2003. Evrópumíðstöð fyrir þróun í sérkennslu. Yfirlitsskýrsla.

Rúnar Sigþórsson. 2003. Námsaðlögun.

Vefslóð: <http://skolar.skagafjardur.is/sfs/namsadlogun.php> (sótt 17. mars 2005).

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2005. 2005. *Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum*. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Tomlinson, Carol Ann. 1999. *The Differentiated Classroom; Responding to the Needs of all Learners*. Alexandria, Va, Association for Supervision and Curriculum.

Tomlinson, Carol Ann. 2003. *Differentiation in Practice: A recourse guide for Differentiating Curriculum, grades 5-9*. Alexandria VA, Caroline Cunningham Eidson.

Tomlinson, Carol Ann. 2004. Sharing Responsibility for Differentiating Instruction. *Roeper Review*, 26,4:188-189. Wilson Education Abstracts.

8 Fylgiskjöl

- Fylgiskjal 1 Viðtalsrammi fyrir rýnihópa kennara
- Fylgiskjal 2 Viðtalsrammi fyrir rýnihópa nemenda
- Fylgiskjal 3 Viðtalsrammi fyrir rýnihóp foreldra
- Fylgiskjal 4 Viðmiðunarrammi fyrir vettvangsathugun

Fylgiskjal 1

Umræðupunktur fyrir rýnihópa Kennarar

Rannsóknarspurningarnar eru:

Hver er árangur af áherslum Hvassaleitisskóla um einstaklingsmiðun í skólastarfi?
Er komið til móts við þarfir hvers og eins með greinabundinni kennslu?

1. Hvað er einstaklingsmiðað nám í ykkar huga?

2. Hvernig viljið þið lýsa einstaklingsmiðuðu námi í Hvassaleitisskóla?

- Hvernig endurspeglast það í starfi skólans?
- Hvernig getið þið lýst greinabundinni kennslu í Hvassaleitisskóla?
- Hefur þetta nýja fyrirkomuleg haft sýnileg áhrif á bekkjarstjórnun og bekkjarbrag?

3. Hvernig finnst ykkur skólastarfið ganga fyrir sig í vetur?

-Miðar það að einstaklingsmiðuðu námi? – Á hverju byggði þið það álit?

4. Hvaða vinnubrögð og kennsluhættir eru ríkjandi í skólanum?

- Hvaða kennsluaðferðir notið þið mest – af hverju?
- Í höndum hverra er markmiðssetning og áætlanagerð?
- Á hvern hátt er samfella í námi tryggð?
- Hvernig er námsefni valið?
- Hvernig er unnið að því að efla sjálfsvitund nemenda og gagnrýna hugsun?
- Á hvern hátt eru nemendur hvattir til eigin upplýsingaöflunar og að kynna eigið efni fyrir samnemendum sínum?
- Á hvern hátt taka nemendur og foreldrar virkan þátt í skólastarfinu – bera þeir ábyrgð á skólastarfi að einhverju leyti.
- Með hvaða hætti er heimanám skipulagt?

5. Hvernig er samvinna kennara háttað?

- Hvernig er hún skipulögð?
- Hvernig nýtist hún?
- Á sér stað reglubundin umræða um fagleg málefni meðal kennara?
- Hvernig fer hún fram?

6. Hvernig er fyrirkomulag á námsmati?

- Hvernig er nám nemenda metið?
- Á hvern hátt fer sjálfsmat nemenda fram?
- Hvernig er símat skipulagt?
- Eru samræmdar áherslur innan skólans um námsmat?
- Hvernig er fyrirkomulag á námsmöppum? (safnmappa, markmiðsbók og sýnismappa).
- Hvernig er tölvutækni nýtt við námsmat?
- Eru nemendur og foreldrar þátttakendur í námsmati? - Á hvern hátt?

7. Hvernig er einstaklingsþörfum mætt?

- Hvernig er sérkennslumálum háttað?

8. Eruð þið með ábendingar hvernig mætti vinna á annan hátt til aukins árangurs?

- Væri önnur leið hentugri til árangurs?

9. Er eitthvað sem þið viljið segja að lokum?

Samantekt frá úttektaraðilum.

Fylgiskjal 2

Umræðupunktur fyrir rýnihópa Nemendur

Rannsóknarspurningarnar eru:

Hver er árangur af áherslum Hvassaleitisskóla um einstaklingsmiðun í skólastarfi?
Er komið til móts við þarfir hvers og eins með greinabundinni kennslu?

1. Hvernig finnst ykkur skólastarfið ganga fyrir sig í vetur?

- Er breyting frá því í fyrra? Hvað er ólíkt?
- Hvernig getið þið lýst greinabundinni kennslu í Hvassaleitisskóla?
- Hvernig finnst ykkur skólastarfið ganga með þessu nýja fyrirkomulagi og hvernig líður ykkur í skólanum?
- Eruð þið meiri þátttakendur í skólastarfinu nú en áður? Er hlustað á raddir ykkar og tillögur?

2. Samskipti

- Hvernig eru samskipti ykkar við kennarana? Hafa þau eitthvað breyst frá því áður? Hafið þið nægilega mikið samband við umsjónarkennara?
- Tengist þið nemendum í öðrum bekkjum á annan hátt með þessu fyrirkomulagi? Þekkið þið meira nú en áður þá sem eru eldri eða yngri?

3. Starfið í skólanum

- Fáíð þið hæfilega þung námsverkefni?
- Hafið þið tækifæri til að koma skoðunum ykkar á framfæri í bekknum, leggja fram tillögur um það sem þið eigið að læra eða hvernig þið getið lært það?
- Vinnið þið yfirleitt ein eða með öðrum?
- Vinnið þið í námsbókum eða á annan hátt? Nefnið dæmi um skólavinnu.
- Hvað finnst ykkur um fyrirkomulag heimanáms? Hefur það eitthvað breyst? Hver ber ábyrgðina á heimanáminu? Tengist heimanámið viðfangsefnum skólans? Hver skipuleggur það?

4. Hvernig er fyrirkomulag á námsmati?

- Hvernig er nám ykkar metið í skólanum?
- Metið þið ykkur sjálf?
- Notið þið námsmöppur? Hvernig fer sú vinna fram?

5. Er eitthvað sem þið vilduð gera öðruvísi í skólastarfinu til að auka árangur ykkar í náminu?

6. Er eitthvað sem þið viljið segja að lokum?

Samantekt frá úttektaraðilum.

Fylgiskjal 3

Umræðupunktur fyrir rýnihópa Foreldrar

Rannsóknarspurningarnar eru:

Hver er árangur af áherslum Hvassaleitisskóla um einstaklingsmiðun í skólastarfi?
Er komið til móts við þarfir hvers og eins með greinabundinni kennslu?

1. Hvað er einstaklingsmiðað nám?

Athuga sameiginlegan skilning á hugtakinu, e.t.v. skilgreining úttektaðila.

2. Hvernig finnst ykkur skólastarfið ganga fyrir sig í vetur?

- Hvernig er einstaklingsmiðun háttáð í Hvassaleitisskóla?
- Hvernig getið þið lýst greinabundinni kennslu í Hvassaleitisskóla? Hvernig endurspeglast einstaklingsbundið nám í henni?
- Hefur þetta nýja fyrirkomuleg haft sýnileg áhrif á skólastarf og líðan hjá börnum ykkar?

3. Hvernig er starfinu í skólanum háttáð?

- Er námskröfum barna ykkar mætt? Hvernig er brugðist við sérstökum þörfum nemenda?
- Teljið þið fjölbreytni vera í notkun kennsluáferða og námsefnis?
- Taka foreldrar þátt í að ákveða námskrá eða námsframvindu fyrir barn sitt?
- Hvernig takið þið þátt í námi barna ykkar í skólanum?
- Vinnur skólinn að því að styrkja sjálfsvitund nemenda og gagnrýna hugsun? Á hvern hátt verðið þið vör við að það sé gert?

4. Hvernig er námsmati háttáð í skólanum?

- Er matið notað nemendum og foreldrum til leiðsagnar? Hvaða upplýsingar gefur það ykkur?
- Stuðlar námsmatið að sjálfstæði nemenda í námi?
- Takið þið þátt í námsmati barna ykkar?
- Verðið þið vör við að nemendur meti nám sitt sjálfir að einhverju leyti?
- Nota börn ykkar námsmöppur? Hvernig nýtast þær í foreldraviðtölum?

5. Hvernig eru samskipti heimila og skóla

- Á hvaða vettvangi fara samskiptin fram? (á fundum, símaviðtölum, samskiptabók).
- Hafið þið tækifæri til að koma skoðunum ykkar á framfæri, leggja fram tillögur og opna umræður um uppeldis og skólamál?
- Eru hugmyndir og tillögur foreldra teknar til athugunar af starfsfólki skólans?
- Leitir skólinn upplýsinga um nemendur hjá foreldrum?

- Hvað finnst ykkur um fyrirkomulag heimanáms og hver er tilgangurinn með því?
- Verðið þið vör við auknar eða breyttar áherslur í heimanámi?
- Hvaða kröfur gerir skólinn til foreldra varðandi heimanám?
- Geta foreldrar sótt upplýsingar eða aðstoð varðandi heimanám?

6. Hver er árangur af greinabundinni kennslu í Hvassaleitisskóla?

- Miðar hann í átt að einstaklingsmiðuðu námi?
- Á hverju byggir þið það álit?
- Væri önnur leið hentugri til árangurs?
- Eruð þið með ábendingar hvernig mætti vinna á annan hátt til aukins árangurs?

7. Er eitthvað sem þið viljið segja að lokum?

Samantekt frá úttektaraðilum.

Fylgiskjal 4

Viðmiðunarrámmi fyrir vettvangsathugun í Hvassaleitisskóla

Námshættir og vinnubrögð	-	+	
Einbeiting og vinnusemi nemenda	lítill	nokkur	mikil
Fyrirmæli kennara	óskýr	skýr	
Bekkjarstjórnun	Léleg (lítill stjórn)	kennari einráður	samspil kennara og nemenda
Samskipti kennara og nemenda	Lítill	nokkuð mikil	mikil
	hlutlaus	neikvæð	jákvæð
Samskipti nemenda	Lítill	nokkuð mikil	mikil
	hlutlaus	neikvæð	jákvæð
Staða kennara í stofu	Við kennaraborð	töflu	hreyfanlegur um stofu
Uppröðun í stofu	Stök borð	tvö og tvö	hópar bogi ýmis uppröðun

Bekkjarandi	-	+
Hjálpsemi		
Hlýlegt viðmót		
Skólareglur virtar		
Nemendur útundan - klíkumyndanir	einhver útundan	enginn útundan
Orðbragð	Neikvætt	jákvætt

Kennsluaðferðir	-	+
Innlögn		
Námsbókarmiðuð kennsla		
Sjálfstæð vinnubrögð		
Samvinna		
Skapandi verkefni		
Eigin upplýsingaleit		

Samræður	
Valverkefni	
Notkun upplýsingatækni	
Annað	

Virk þátttaka nemenda í skólastarfi	
Námsmöppur – markmiðsbækur	
Þátttaka nemenda í markmiðssetningu	
Sjálfsmat	

Sérkennsla/Námsaðstoð	
Sérkennsla inni í bekk	
Getuskiptir hópar í sérkennslurými	
Getublandaðir hópar í sérkennslurými	
Nám aðlagað getu í bekk	

Ýmsar upplýsingar	Annað (t.d. sérþarfir og fatlanir)
Kyn kennara og aldur	
Aldur nemenda og fjöldi	
Námsgrein	
Aðrir fullorðnir	